

# Minnisblað vegna sameiningar Kjósarhrepps við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## Forsaga málsins

Með erindi Umhverfis og auðlindaráðuneytis dagsett 10. desember 2020 til samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Kjósarhrepps er viðruð sú hugmynd að Kjósarhreppur sameinast Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þegar Heilbrigðiseftirlit Kjósarhrepps verður lagt niður í núverandi mynd. Á eigendafundi hefur komið fram vilji fulltrúa eigenda á Vesturlandi til þess að af sameiningunni verði og einnig er vilji Kjósarhrepps til að málið gangi eftir.

## Gildistaka

Gert er ráð fyrir að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gefi út reglugerð í sumar með gildistöku 1. september þar sem þessi sameining gengur eftir ef allir aðilar eru því sammála. Í tilefni af þessu var lögð fyrir og samþykkt ný samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands á aukaaðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sem haldinn var þann 20. maí 2021 þar sem gert er ráð fyrir sameiningunni. Í kjölfar samþykktar fundarins er gert ráð fyrir að samþykktin verði lögð fram í öllum sveitarstjórnnum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi til afgreiðslu.

## Framkvæmd

Við sameininguna verður gengið í að færa starfsemi sem verður undir eftirliti Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í sameiginlegan gangagrunn. Þar sem Kjósarsvæði og Vesturland hafa verið að nota sama gagnagrunn mun það ganga hratt fyrir sig. Í gagnagrunni heilbrigðiseftirlits Vesturlands eru nú skráð 795 fyrirtæki með sameiningu við Kjósarhrepp bætast við 31 fyrirtæki og má búast við að eftirlitsgjöld sem fyrirtæki í Kjósarhreppi greiða séu um ein milljón. Vatnsból og gististaðir eru algengasta form starfsemi en einnig er þar matsölustaður, gámasvæði, sumarbúðir og kjötvinnsla svo eitthvað sé nefnt. Verkefni tengd stjórnsýslu bætast svo við s.s. að veita umsagnir um skipulagsupprætti og starfsemi.

## Kostnaðarskipting

Í samræmi við 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þá segir: Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Kostnaðarskipting gæti því litið svona út fyrir árið 2021 miðað við að Kjósarhreppur sameinist Heilbrigðiseftirlitinu á Vesturlandi 1. september 2021. Á aukaaðalfundinum var samþykkt að kostnaði yrði skipt í þrjár greiðslur sem væru innheimtar þann 1. júní, 1. september og 1. nóvember

### Útreikningur á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga

Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1998-2020 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2020

Framlög sveitarfélaga 2021	Mannfj. 2021	Hlutfall	Tímabil	Framlag 2021	Innheimt 1. júní	Innheimt 1. sept	Innheimt 1. nóvember
Akraneskaupstaður	7.534	44,55	2021	9.043.295	3.014.432	3.014.432	3.014.432
Borgarbyggð	3.852	22,78	2021	4.623.675	1.541.225	1.541.225	1.541.225
Dalabyggð	639	3,78	2021	767.012	255.671	255.671	255.671
Eyja- og Miklholtshreppur	124	0,73	2021	148.841	49.614	49.614	49.614
Grundarfjarðarbær	876	5,18	2021	1.051.490	350.497	350.497	350.497
Helgafellssveit	64	0,38	2021	76.821	25.607	25.607	25.607
Hvalfjarðarsveit	625	3,70	2021	750.207	250.069	250.069	250.069
Skorradalshreppur	65	0,38	2021	78.022	26.007	26.007	26.007
Snæfellsbær	1.674	9,90	2021	2.009.354	669.785	669.785	669.785
Stykkishólmsbær	1.209	7,15	2021	1.451.200	483.733	483.733	483.733
Kjósarhreppur	250	1,48	1.sept-31. sept	75.021	0	37.510	37.510
	<b>16.912</b>	<b>100</b>		<b>20.074.938</b>	<b>6.666.639</b>	<b>6.704.149</b>	<b>6.704.149</b>

## Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Ný samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands liggur nú fyrir sveitarstjórnnum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi til samþykktar. Samþykktin byggir á eldri samstarfssamningi um HEV en skýrari rammi hefur verið settur utan um starfsemina og í 5 kafla er virkjuð heimild í 10. gr. laga nr. 58/2019 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og starfsfólki falið að afgreiða ýmis mál. Slíkt framsal er í samræmi við framkvæmdina eins og hún hefur verið hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum alla tíð og er einkum til að flýta fyrir framkvæmd mála þegar langt getur verið milli funda heilbrigðisnefnda.

Samþykktin var yfirfarin af lögfræðingi hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og hefur hlotið samþykki heilbrigðisnefndar Vesturlands þann 5. maí 2021 og hún var samþykkt á aukaaðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þann 20. maí. Til að öðlast fullt gildi er gert ráð fyrir að hún fái jákvæða afgreiðslu í hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við sveitarstjórnarlög.

26. maí 2021



Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.